

Sp. 484. Tillaga til þingsályktunar [252. mál]
um rannsókn kísilgúrnámu við Vesturá á Tvídægru.

Flm.: Eyjólfur Konr. Jónsson, Pálmi Jónsson, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka kísilgúrnámu við Vesturá á Tvídægru í Húnavatnssýslu og gera athugun á því, hvort arðvænlegt gæti verið að hagnýta námu þessa.

Greinargerð.

Á Tvídægru í Húnavatnssýslu er kísilgúrnáma, sem Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur hefur áætlað að sé að magni til a. m. k. 10 000 teningsmetrar. Námu þessa fundu þeir Magnús F. Jónsson og Sigurlinni Pétursson síðla sumars 1939.

Sendu þeir sýni af efni námunnar til rannsóknardeildar háskólans. Síðan gerði Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur rannsókn á námunni og tók þar sýni. Í skýrslu atvinnudeildarinnar 1939 segir um þessa athugun:

„Eitt sýnishorn var rannsakað, er reyndist vera kísiljörð. Sýnishornið var tekið á vegum rannsóknaráðs ríkisins við ármót Straumkvíslar og Vesturár, á norðanverðri Tvídægru í Húnavatnssýslu. Jóhannes Áskelsson jarðfræðingur athugaði staðinn síðan nánar frá jarðfræðilegu sjónarmiði. Áætlað hann, að magnið sé a. m. k. 10 þús. teningsmetrar.

Með því að kísiljörðin virtist nokkuð mismunandi að útliti, voru gerðar tvær efnagreiningar, og var niðurstaðan sem hér segir miðað við þurrefni:

	Sýnishorn I	Sýnishorn II
Glæðitap (1000 gr. C.)	7.60%	8.50%
SiO ²	81.00%	74.00%
P ² O ⁵	0.09%	
TiO ²	1.10%	1.40%
Al ² O ³	5.00%	7.30%
Fe— ² O ³	3.00%	5.50%
MnO	0.09%	
CaO	1.00%	1.64%
MgO	0.35%	0.74%
K ² O	0.60%	
	99.83%	99.08%

Sé miðað við steinefnin ein, er efnasamsetningin þessi:

	Sýnishorn I	Sýnishorn II
SiO ²	87.50%	81.00%
Önnur steinefni	12.50%	19.00%

Samkvæmt þessum efnagreiningum verður að reikna með, að efnagreiningin geti verið nokkuð breytileg í jarðlaginu.“

Í marz 1941 voru samkvæmt beiðni rannsóknaráðs ríkisins gerðar tilraunir í efnarannsóknastofu atvinnudeildar með að bleikja síldar- og þorskalýsi með mól-uðum leirsteini frá Tvídægruheiði. Er greint frá þessum steini í skýrslu atvinnu-deildar árið 1939 og er þar að finna efnagreiningu hans. Reyndist hann bleikja fyllilega á við útlenda „óaktiveraða bleikijörð“.

Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur getur þess í bréfi, að „notað var þorskalýsi frá lýsisstöð Lýsissamlags íslenzkra botnvörpunga við þessar tilraunir, sem eins og áður segir gáfust vel“.

Fyrir allmörgum árum skoðaði Baldur Línadal efnaverkfræðingur námuna og tók þar sýni. Er efni hennar annars eðlis en kísilgúr sá, sem unninn er úr Mývatni, en Baldur telur engu að síður, að ástæða sé til að athuga námuna nánar.

Ekki er vitað til, að gerðar hafi verið aðrar rannsóknir á námu þessari en að framan greinir, og verður því ekki úr því skorið, hvort þarna sé um verðmæt efni að ræða, sem hagnýta mætti, nema fram fari rannsókn á því, en ekki ætti þó að vera þar um kostnaðarsamar rannsóknir að ræða á fyrsta stigi a. m. k., og þess vegna virðist einsýnt, að frumrannsóknir eigi þegar að gera.